

180. aðalráðstefna
Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
október 2010

Hugrakkir foreldrar

Öldungur Larry R. Lawrence
af hinum Sjöttú

Mig langar í dag að tala til foreldra sem eiga táninga. Björt og þróttmikil æska ykkar er framtíð kirkjunnar og vegna þess er hún aðalskotmark andstæðingsins. Margar trúfastar mæður og feður hlusta á ráðstefnuna í dag í bænarhug og biðja um svör sem munu hjálpa þeim að leiðbeina börnum sínum í gegnum þessi mikilvægu ár. Elstu barnabörn mín eru nýkomin á táningsaldurinn og því er þetta mál mér hjartfólgið. Það eru engir fullkomnir foreldrar og engin auðveld svör, en við getum reitt okkur á reglur sannleikans.

Sameiginlegt þema Piltafélagsins og Stúlknafélagsins fyrir árið 2010 var tekið úr bók Jósúa. Það hefst svona: „Ver þú hughraustur og öruggur ... Lát eigi hugfallast og óttast“ (Jós 1:9) Þessi orð úr ritningunum geta einnig verið foreldrum gott þema. Heimurinn þarf virkilega á hugrökum foreldrum að halda á þessum síðustu dögum, á mæðrum og feðrum sem eru óhrædd við að láta í sér heyra og taka afstöðu.

Ímyndið ykkur eitt andartak að dóttir ykkar sitji á járnbrautarteinunum og þið heyrðuð í flautu lestar. Mynduð þið vara hana við svo hún gæti forðað sér af teinunum? Eða mynduð þið hika af áhyggjum yfir því að þið væruð að ofvernda hana? Ef hún myndi hunsar varnarorð ykkar, mynduð þið þá hlaupa til og koma henni á öruggan stað? Að sjálfsgöðu mynduð þið gera það! Ást ykkar á dóttur ykkar myndi yfirskyggja allar aðrar hugsanir. Þið mynduð meta líf hennar meira en stundlega líðan hennar.

Áskoranir og freistingar berast táningum okkar með sama hraða og afli og flutningalest. Við erum minnt á í fjölskyldu yfirlýsingunni að foreldrar beri ábyrgð á því að vernda börn sín.¹ Þarna er átt við andlega jafnt og líkamlega.

Við lesum í Mormónsbók ráðgjöf sem Alma yngri gaf syni sínum, sem kominn var á villigötur. Kóríanton hafði gert alvarleg mistök, þegar hann þjónaði í trúboði á meðal Sóramíta. Alma þótti nægilega vænt um hann til að tala hreint út um vandamálið. Hann tjáði þau miklu vonbrigði sem sonur hans hafði valdið honum með siðlausri hegðun sinni og útskýrði fyrir honum alvarlegar afleiðingar syndarinnar.

Ég fyllist andagift í hvert sinn sem ég les þessi hugrökku orð Alma: „Og nú segir andi Drottins við mig: Þjóð þú börnum þínum að gjöra gott, . . . þess vegna býð ég þér, sonur minn, í Guðs ótta, að halda þig frá misgjörðum þínum“ (Alma 39:12). Með forsjáum afskiptum föður síns náði Kóríanton að gjörbreyta lífi sínu til hins betra. Hann iðraðist og þjónaði trúfastlega eftir það. (sjá Alma 42:31, 43:1, 2)

Berið saman fordæmi Alma og fordæmi annars föður úr ritningunum, Elís úr Gamla testamentinu. Elí þjónaði sem háprestur í Ísrael á þeim tíma er spámaðurinn Samúel var ungur að árum. Ritningarnar greina frá því að Drottinn hafi veitt honum miklar átölur, því „að synir hans leiddu bölvun yfir sig, og þó hafði hann ekki taum á þeim“ (1 Sam 3:13).

Synir Elís iðruðust aldrei og allur Ísrael leið fyrir heimskupör þeirra. Sagan um Elí kennir okkur að foreldrar sem elska börn sín mega ekki láta þau hrella sig frá því að kenna þeim.

Á aðalráðstefnu fyrir nokkrum árum minnti öldungur Joe J. Christensen okkur á að „foreldrahlutverkið væri ekki vinsældarkeppni.“² Öldungur Robert D. Hales hefur í sama anda sagt: „Stundum erum við hrædd við börn okkar – við leiðbeinum þeim ekki af ótta við að móðga þau.“³

Fyrir mörgum árum vildi 17 ára sonur okkar fara í helgarferð með vinum sínum, sem allt voru góðir drengir. Hann bað um leyfi til að fara. Mig langaði að segja já, en af einhverri ástæðu leið mér ekki vel með þessa ferð. Ég sagði eiginkonu minni frá þessari tilfinningu og hún sýndi mér mikinn stuðning. „Við verðum að hlusta á þessa varúðarrödd,“ sagði hún.

Auðvitað varð sonur okkur fyrir vonbrigðum og spurði af hverju við vildum ekki að hann færi. Ég svaraði af hreinskilni að ég vissi ekki af hverju. „Mér líður einfaldlega ekki vel með þetta,“ útskýrði ég, „og ég elska þig of mikið til að hunsa þessar tilfinningar.“ Ég varð mjög undrandi þegar hann sagði: „Það er allt í lagi pabbi, ég skil.“

Unga fólkið skilur meira en við gerum okkur grein fyrir, vegna þess að þau hafa einnig gjöf heilags anda. Þau reyna að skynja andann þegar hann talar og þau fylgjast með fordæmi okkar. Þau læra af okkur að hlusta á tilfinningar sínar, og ef þeim „líður ekki vel með eitthvað,“ þá er best að sækjast ekki eftir því.

Það er mikilvægt að eiginmenn og eiginkonur séu samstíga er þau taka ákvarðanir varðandi börn sín. Ef öðru hvoru foreldrinu líður ekki vel með eitthvað, þá ætti ekki að veita leyfi. Hafið kjark til þess að styðja hvort annað og segja nei, ef öðru ykkar er órótt varðandi kvikmynd, sjónvarpsþátt, tölvuleik, party, kjól, sundföt eða eitthvað á Alnetinu.

Mig langar til að deila með ykkur bréfi sem kom frá harmi lostinni móður. Unglingssonur hennar missti smám saman vernd andans og varð óvirkur í kirkjunni. Hún útskýrði hvernig þetta gerðist: „Á táningsárum sonar míns hafði ég áhyggjur og reyndi að koma í veg fyrir að hann spilaði ofbeldisfulla tölvuleiki. Ég ræddi við eiginmann minn og sýndi honum greinar í Ensign og í dagblaðinu sem vöruðu við þessum leikjum. En eiginmanni mínum fannst þetta vera í lagi. Hann sagði að sonur okkar væri ekki að neyta eiturlyfja og að ég ætti að hætta að hafa áhyggjur. Stundum faldi ég stjórnþæki tölvunnar en eiginmaður minn lét hann fá þau aftur. Svo fór að auðveldara var fyrir mig að gefa eftir, ... frekar en að streitast á móti. Mér finnst í raun að leikir séu rétt eins ánetjandi og eiturlyf. Ég myndi gera hvað sem er til að forða öðrum foreldrum frá því að þurfa að reyna þetta.“

Bræður og systur, ef maki ykkar fær óþægilegar tilfinningar gagnvart einhverju, virðið þá slíkt.

Vera má að þið stuðlið að skaðlegri hegðun með því að fara auðveldu leiðina og segja eða gera ekki neitt.

Foreldrar geta komið í veg fyrir mikið hugarangur er þeir kenna börnum sínum að fresta rómantískum samböndum þar til þau eru reiðubúin að gifta sig. Ótímabær föst sambönd milli pilts og stúlku eru hættuleg. Það skapast tilfinningalegt og náíð samband við að „para“ sig saman, sem of oft leiðir til líkamlegra náinna kynna. Satan þekkir þennan feril

og notar hann sér til framdráttar. Hann mun gera allt sem í hans valdi stendur til að halda piltum frá því að þjóna í trúboði og koma í veg fyrir musterishjónabönd.

Það er lífsnauðsynlegt að foreldrar hafi kjark til að láta í sér heyra og grípa inn í atburðarásina áður en Satan nær einhverjum árangri. Boyd K. Packer forseti kenndi: „Þegar um siðferði er að ræða, höfum við bæði rétt á og okkur ber skylda til að láta varnaðarrödd okkar hljóma.“⁴

Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að ekkert gott gerist seint á kvöldin og að ungmenni þurfa að vita á hvaða tíma þau eiga að koma heim.

Foreldrar sem vaka og bíða eftir að börn þeirra komi heim sýna mikla visku. Piltar og stúlkur vanda val sitt mun betur þegar þau vita að foreldrar þeirra bíða vakandi eftir að heyra um atburði kvöldsins og kyssa þau góða nótt.

Má ég persónulega vara við hefð sem viðhöfð er í menningu margra þjóða. Ég á þar við að gist sé hjá vinum að næturlagi. Ég komst að því sem biskup að of mörg ungmenni brjóta Vísdomsorðið eða Skírlífislögmálið í fyrsta sinn í næturgistingum. Fyrstu kynni þeirra af klámefni og jafnvel fyrstu afskipti af lögreglu á sér of oft stað þegar þau eru að heiman og gista annars staðar.

Prýstingur jafnaðra verður öflugri þegar börn okkar eru fjarri áhrifum okkar og þegar varnir þeirra veikjast síðla kvölds. Óttist ekki að fylgja innri aðvörunarrödd, ef þið hafið óþægilegar tilfinningar gangvart gistingu. Verið ætíð bænheit þegar kemur að því að vernda dýrmat börn ykkar.

Hugrekki foreldra snýst ekki alltaf um að segja nei. Foreldrar þurfa einnig að hafa hugrekki til að segja já við ráðleggingum nútíma spámannanna. Kirkjuleiðtogar okkar hafa ráðlagt okkur að koma á fót réttlátu mynstri á heimilum okkar. Íhugið fimm grundvallarhefðir sem hafa kraft til að vernda ungmenni ykkar: Að hafa fjölskyldubænir, ritningarlestur fjölskyldunnar, fjölskyldukvöld, að snæða saman kvöldmat og eiga reglubundin viðtöl við hvert barn.

Það þarf hugrekki til að kalla börnin saman, frá því sem þau hafa fyrir stafni, og krjúpa með þeim sem fjölskylda. Það þarf hugrekki til að slökkva á sjónvarpinu og tölvunni og leiðbeina fjölskyldu ykkar í gegnum síður ritninganna á hverjum degi. Það þarf hugrekki til að hafna öðrum boðum á mánudagskvöldum, svo að þið getið tekið kvöldið frá fyrir fjölskyldu ykkar. Það þarf hugrekki og viljastyrk til að forðast of miklar annir, svo fjölskyldan geti verið saman við kvöldmatinn.

Ein árangursríkasta leiðin sem við höfum til að hafa áhrif á syni okkar og dætur er að leiðbeina þeim í einkaviðtölum. Við getum komist að þeirra hjartans þrám með vandlegri hlustun, hjálpað þeim að setja sér réttlát markmið og greint þeim frá okkar eigin andlegu reynslu sem tengist þeim. Það þarf hugrekki til að leiðbeina.

Reynið að ímynda ykkur hvernig hin upprennandi kynslóð gæti orðið ef þessar fimm réttlátu hefðir væru stöðugt virtar á hverju heimili. Ungu fólkið okkar myndi verða eins og her Helamans, ósigrandi (sjá Alma 57:25–26).

Það þarf mikla auðmjúkt við uppeldi ungmenna á þessum síðari dögum. Satan og fylgjendur hans kappkosta að knésetja þessa kynslóð. Drottinn reiðir sig á hugrakka

foreldra til að ala þau upp. Foreldrar, „[Verið hughraustir og öruggir]. Lát eigi hugfallast og óttast eigi“ (Jós 1:9). Ég veit að Guð bænheyrir ykkur. Ég vitna um að Drottinn styður og blessar hugrakka foreldra.

Í nafni Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. Sjá „Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,“ *Vonarstjarnan*, júní 1996, 10.
2. Joe J. Christensen, „Rearing Children in a Polluted Environment,“ *Ensign*, nóv. 1993, 11.
3. Robert D. Hales, „With All the Feeling of a Tender Parent: A Message of Hope to Families,“ *Liahóna*, maí 2004, 90.
4. Boyd K. Packer, „Our Moral Environment,“ *Ensign*, maí 1992, 67.